



Öryrkjabandalag Íslands

Hátúni 10, 105 Reykjavík
Sími: 530 6700, Myndsími: 530 6701
Netfang: obi@obi.is, Vefsíða: www.obi.is

Alþingi
Erindi nr. P 130/1411
komudagur 17.3.2004

Reykjavík, 15. mars 2004.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík.

Efni: **Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1984, um þjónustu- og endurhæfingarástæðu blindra, með síðari breytingum.**

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint stjórnarfrumvarp, þskj. 830, 552. mál.

Bandalagið telur efni frumvarpsins brjóta gegn þeim markmiðum grunnreglna Sameinuðu þjóðanna að jafna kjör fatlaðra. Óeðlilegt verður að telja að krefjast gjalds vegna hjálpartækja fatlaðra sem þeir geta ekki verið án vegna almennra starfa og tómstunda. Ísland sker sig úr á meðal annarra Norðurlanda hvað snertir gjaldtöku fyrir hjálpartæki fatlaðra. Hér á landi er ætlast til að sveitarfélög kaupir hjálpartæki vegna skólagöngu nemenda, vinnuveitendum er gert skylt að kaupa slík tæki vegna atvinnu fatlaðra og notendum tækja eins og heyrnartækja er gert að greiða svo há gjöld fyrir tækin að lífeyrisþegar, sem eingöngu hafa tekjur af lífeyri almannatrygginga, geta oft á tíðum ekki leyst þau út. Frumvarp sem það, sem hér er fjallað um, skerðir möguleika blindra og sjónskertra til þess að taka þátt í þjóðfélaginu. Sérstök gjaldtaka hindrar þátttöku þeirra í atvinnulífnum og mismunar þeim umfram aðra þegna þjóðfélagsins.

Öryrkjabandalag Íslands beinir því til hæstvirts Alþingis að þegar í stað verði ráðist í heildarendurskoðun laga nr. 18/1984 og verði við endurskoðun laganna þess gætt að grunnreglur Sameinuðu þjóðanna verði hafðar í heiðri. Hið sama gildir um aðrar þjónustustofnanir ríkisins. Öryrkjabandalag Íslands lýsir sig reiðubúið til að taka þátt í slíkri endurskoðun.

Virðingarfyllt,

Arnbór Helgason

Arnbór Helgason, framkvæmdastjóri